



Sigríður Ruth Th. Barker

MS-ritgerð: Sveppaeyðandi virkni Capric sýru, Mónólárin og Mónókaprín.

Höfundur: Sigríður Ruth Th. Barker fæddist í Reykjavík þann 23. júní 1997 og hefur búið á Álftanesi alla sína tíð. Sigríður á fjögur systkini og foreldrar hennar eru Skúli Bruce Barker og Vala Thoroddsen. Sigríður útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2017 og fluttist svo til Kanada þar sem hún bjó í 8 mánuði. Sigríður hóf nám í Lyfjafræði árið 2018, vegna löngunar að starfa í heilbrigðisgeiranum. Samhliða lyfjafræðinámsins hefur Sigríður starfað hjá Lyfju og Landspítalanum, og mun starfa hjá Lyfju og Ícelandair eftir útskrift.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Umfangsmiklar rannsóknir hafa verið framkvæmdar þar sem örverueyðandi áhrif, meðal annars sveppaeyðandi áhrif, Capric sýru, Mónókaprín, og Mónólárin hafa verið skoðuð. Rannsóknirnar gefa einnig til kynna að lípíðin séu í lítilli hættu að valda sveppaónæmi, kostur sem lönd á borð við Malawí gætu reynst vel af vegna hækkandi tíðni sveppasýkinga þar.

Markmið þessarar rannsóknar var tvíþætt; (1) að ákvarða tíðni og gerð sveppasýkinga á húð á Mangochi héraðssjúkrahúsinu í Malawí og (2) að breyta og betrumbæta tvær gerðir formúluringa, gel og vatnsfrí lausn (CAP) sem samanstóðu af mismunandi styrk af capric sýru, mónókaprín og mónólárin og sýna hvaða samsetning framkallaði bestu sveppaeyðandi virknina gegn þremur stofnum af *Candida* sveppnum; *Candida albicans*, *Candida glabrata* og *Candida krusei*. Eftir að samanburður var framkvæmdur var formúluring sem innihélt capric sýru og mónókaprín valin til frekari skoðunar. Sú formúluring var að lokum borin saman við upprunalega CAP formúluringu framleidd af Capretto, sem hafði þegar sýnt fram á sveppaeyðandi verkun, til að sjá hvort að marktækur munur á sveppaeyðandi áhrifum væri á milli þessara formúluringa.